

tengingar við jaðartæki

Sérlausn frá Wise

Tengingar Wise við jaðartæki tala við vogir, skanna og strikamerkjaprentara í framleiðsluferlinu og bjóða upp á notendavænt viðmót á snertiskjám. Hægt er að safna saman rauntímagögnum framleiðslunnar sjálfvirkt í WiseFish gagnagrunninn. Með rauntímagögnum næst betri yfirsýn yfir reksturinn, framleiðsluferlið og rekjanleika sem gerir ákvörðunartöku auðveldari.

Einfaldleiki

Einfalt, grafískt viðmót á snertiskjám auðveldar ferlið við að velja og skipta á milli vara eða lotna.

Notendur geta stillt viðmótið að eigin þörfum, valið hvaða reitir birtast, stærð á hnöppum o.fl. Nægilegt auka pláss er á skjánum fyrir reiti til gagnaöflunar eða til að birta sérstök gögn fyrir starfsfólk framleiðslunnar.

Frelsi

Flestar lausnir sem tengjast jaðartækjum virka eingöngu með sérstökum vélbúnaði sem oft er bundinn við ákveðna birgja (vogum, prenturum, snertiskjám o.fl.).

Lausnir Wise eru hannaðar til að tengjast vélbúnaði frá fjölbreyttum birgjum. Þetta þýðir að þegar kemur að uppfærslu vélbúnaðar eru engar kvaðir um að versla af tilteknum aðila, heldur er frjálst að velja hagkvæmasta kostinn.

Sveigjanleiki

Starfsfólk Wise hefur viðtæka reynslu af innleiðingu á forritum fyrir þráðlausar handtölvur sem geta tengst þráðlausum skönnum. Boðið er upp á tengingar við fjölbreyttar gerðir þráðlausra handtölva í bland við tengdar lausnir. Þar sem lausnin er hönnuð til að virka með snertiskjám næst aukin hagræðing þar sem ekki verða truflanir á rekstrinum, jafnvel þó vandkvæði séu með þráðlausu netið.

Nákvæm birgðastaða - í rauntíma

Um leið og límmiði er prentaður, eru birgðirnar skráðar í WiseFish. Notendur geta því séð birgðirnar í rauntíma. Innbyggð verkferli eru til staðar fyrir móttöku, framleiðslu, flutning, vörubretti, vörutalningu og sölu. Um leið og kassar eða vörubretti eru skönnuð við pöntun, verða birgðir fráteknaðar þannig að hægt er að sjá strax hvað er enn tiltækt til sölu. Hægt er að útbúa skjöl fyrir akstur eða gámaflutning beint frá sölu- og flutningaskjámum. Hægt er að leiðrétta, prenta og endurprenta vörubrettalímmiða og sjá lista yfir alla kassa sem tengdir eru hverju vörubretti.



Í stuttu máli:

- Aukinn rekjanleiki og nákvæmni.
- Minni sjálfvirkni gagnafærslna - hagræðir og hraðar verkferlum.
- Ein miðlæg lausn þýðir að birgðafærslur velta ekki á samþættingu gagna á milli margra kerfa.
- Tengingar Wise við jaðartæki bjóða upp á sveigjanlegt val á vélbúnaði eftir þörfum hvers og eins.



tengingar við jaðartæki

Helstu kostir:

- Skrásetning móttöku og notkun hráefnis, verka í vinnslu og fullunninna vara er nákvæmlega og í rauntíma. Nákvæmur rekjanleika alla leið.
- Sveigjanleiki til að framleiða út frá framleiðslupöntunum sem hægt er að tengja við sö lureikninga. Hægt er að prenta sjálfkrafa út sérsniðna límmiða á kassana um leið og kassarnir er útbúnir.
- Hægt er að útbúa strikamerki merkt niður á einstaka kassa- eða bretti.

Sampætting við:

- Vogir (Marel, Digi, Scanvaegt, Mettler Toledo, Rice Lake) í gegnum annaðhvort raðnúmer eða TCP/IP-tengi.
- Skanna í gegnum USB, lykklaborð eða raðtengi.
- Strikamerkjaprentara (Zebra, Intermec, Toshiba o.s.frv.). Tengingar Wise við jaðartæki nota BarTender hugbúnaðinn fyrir alla merkjaprentun. BarTender er leiðandi hönnunar- og prentunarhugbúnaður í heiminum fyrir merkingar, strikamerki og RFID merki.



Hafðu samband

Komdu í kaffi og kynntu þér málið. Við tökum vel á móti þér í Borgartúni 26, Reykjavík og Hafnarstræti 102, Akureyri.

Söludeild Wise, sími: 545 3200,
tölvupóstur: sala@wise.is




Um WiseFish

WiseFish er sérsniðin lausn byggð á Microsoft Dynamics NAV viðskiptahugbúnaðinum. Lausnin hentar öllum stærðum fyrirtækja og er hönnuð til að sinna þörfum sjávarútvegsfyrirtækja.

Hugbúnaðurinn býður upp á fjölbreytta eiginleika og tekur tillit til allra hluta virðis_keðju sjávarfangsins, allt frá veiðum, fiskeldi og framleiðslu til sölu og dreifingar.

Hvort sem starfsemi fyrirtækisins nær til allra sviða virðis_keðjunnar eða sérhæfir sig í ákveðnum sviðum er WiseFish hentug lausn.



www.wisefish.com